

## AUGLÝSING

### um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 130. löggjafarþings, frá 22. júlí 2004 til septemberloka.

*Gjört á Bessastöðum, 22. júlí 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Halldór Ásgrímsson.*

Alþingi samþykkti hinn 22. júlí 2004 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 130. löggjafarþings, frestað hinn 22. júlí 2004.

*Forsætisráðuneytinu, 22. júlí 2004.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Ólafur Davíðsson.*